

***Skipulags- og samgönguráð, dags. 12. sept. 2020:*** Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um gæðaeftirlit með strætisvögnum.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að vita hvort og hvernig gæðaeftirlit með strætisvögnum er háttað?

Dæmi eru um að vagnar séu ekki með ljósin í lagi svo fátt sé nefnt sem fólk hefur tekið eftir.

Er virkt eftirlit haft með vögnunum? Spurt er hvort einhver gangi t.d. reglulega um vagnanna og skoðar þá innan og utan til að kanna hvort allt sé í lagi með þá?

*Vísað til umsagnar strætó bs.*



Reykjavík 13. október 2020

Skipulags- og samgönguráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 26.08.2020 nr. US200250 um stefnu Strætó um gæðaeftirlit með strætisvögnum.**

Allir vagnar Strætó hafa svokallaðar áskriftarbækur þar sem vagnstjórar skrá það sem þarf að skoða og laga á verkstæði. Vagnstjórar hafa það hlutverk að skoða sinn vagn að innan og utan með tilliti til skoðunar á því sem þarf að athuga sérstaklega eða gera við. Vagnstjórar skila inn áskriftarbók með athugasemdum, ef einhverjar eru, í lok hverrar vaktar.

Allir vagnar fara í gegnum þvottastöð á hverri nóttu. Það er einnig hlutverk starfsmanna þvottastöðvar að skoða hvern vagn og skrá athugasemdir í áskriftarbók og skila inn til verkstæðis ef eitthvað kemur í ljós. Hver athugasemd úr áskriftarbók er skráð í viðhaldskerfi á verkstæði og unnið eftir forgangsriðun og alvarleika athugasemdar/bilunar. Öll verk eru skráð í viðhaldskerfi.

Hver vagn hefur sína þjónustuhandbók sem unnið er eftir þegar kemur að reglubundnu viðhaldi. Þá eru sérstakar úttektir gerðar á öllum vögnum fyrir aðalskoðun einu sinni á ári.

Virðingarfyllt,

---

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri